

Sb. 367. Tillaga til þingsályktunar [178. mál]

um nefnd til að endurskoða lög um veitingu prestakalla.

Flm.: Ingiberg J. Hannesson, Gunnlaugur Finnsson, Ingvar Gíslason,
Gylfi Þ. Gíslason, Stefán Jónsson, Magnús T. Ólafsson,
Friðjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að kjósa nefnd 7 þingmanna, er hafi það verkefni að endurskoða lög um veitingu prestakalla, nr. 32 frá 3. nóv. 1915.

Nefndin skal ljúka störfum fyrir 1. okt. 1976.

Kostnaður vegna nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Frumvarp til laga um veitingu prestakalla var flutt á Alþingi 1972—1973 og endurflutt á þinginu 1973—1974. Frumvörpin voru flutt af menntamálanefnd Ed. að beiðni kirkjumálaráðherra. Í hið fyrra sinn var frv. sent víða til umsagnar, en fékk ekki frekari afgreiðslu. Í síðara skiptið þótti menntamálanefnd Ed. þó eigi nóg að gert og lagði til að því yrði vísað til ríkisstjórnarinnar. Frumvörp um sama efni voru flutt tvívegis á árunum 1962—1964, en urðu í hvorugt skiptið útrædd.

Lög um veitingu prestakalla eru orðin 60 ára gömul. Þeirri skoðun hefur stöðugt vaxið fylgi meðal leikra manna sem lærðra, að tímabært sé að endurskoða þau miðað við breyttar þjóðfélagsaðstæður.

Kirkjuþing hefur a. m. k. fjórum sinnum mælt með slíkri breytingu og síðast samhljóða árið 1974. Prestastefna Íslands hefur á sama hátt ítrekað mælt með breytingu. Nokkuð einróma álit barst og frá öllum héraðsfundum prófastsdæmanna í landinu.

Alþingi getur því ekki lengur að mati flutningsmanna skotið sér undan því að taka málið til alvarlegrar athugunar og afgreiðslu.

Með tilliti til þeirrar afgreiðslu, sem málið fékk á Alþingi 1973—1974, þykir rétt að nefnd alþingismanna endurskoði áður nefnd lög og skili álit fyrir næsta reglulegt Alþingi.